

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 367. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 2. febrúar 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Heimir Berg, markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar, mætir á fundinn og fer yfir það sem er helst á döfinni.
- 2) Fundargerð 210. fundar Breiðafjarðnefndar, dags. 6. desember 2022.
- 3) Fundargerð 449. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 20. janúar 2023.
- 4) Fundargerð 917. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. janúar 2023.
- 5) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2023, varðandi boðun landsþings.
- 6) Þakkarbréf frá skóladeild UMFG vegna styrks á árinu 2023.
- 7) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. janúar 2023, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Þuríðar Maggýjar Magnúsdóttur um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, H-frístundahús, að Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- 8) Bréf frá skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 25. janúar 2023, varðandi viðhaldsmál Grunnskólans.
- 9) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 31. janúar 2023  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

## **210. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. desember 2022, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, og Magnús A. Sigurðsson

**Forföll:** Sigurður Halldór Árnason forfallaðist og ekki náðist í varamann vegna skamms fyrirvara.

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.30

### **1. Fundargerð 209. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 209. fundar nefndarinnar frá 22. nóvember 2022.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### **2. Umsögn vegna skipulagslýsingar í Stykkishólmi**

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í Stykkishólmi.

#### **Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi drög að umsögn sem starfsmaður Breiðafjarðarnefnd vann fyrir fundinn. Jakob mun gera nokkrar breytingar eftir ábendingum Breiðafjarðarnefndar og gengur svo frá umsögninni. Frestur til að skila umsögn er 9. desember. Umsögnin verður svo sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

### **3. Umsögn vegna þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju**

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni um umsögn vegna þingsályktunar um kaup á nýrri ferju fyrir Breiðafjörð.

#### **Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi drög sem starfsmaður Breiðafjarðarnefnd vann fyrir fundinn. Jakob mun gera nokkrar breytingar eftir ábendingum Breiðafjarðarnefndar og gengur svo frá umsögninni. Frestur til að skila umsögn er 8. desember. Umsögnin verður svo sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

### **4. Umsögn vegna skipulagslýsingar í Grundarfirði**

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar og tveggja deiliskipulagstillagna á Framnesi.

**Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi skipulagslýsinguna á fundinum. Jakob mun skrifa drög að umsögn og sendir þau á nefndarfólk til yfirlstrar og staðfestingar. Jakob mun svo vinna úr ábendingum nefndarinnar og sendir umsögnina fyrir skilafrest 21. desember. Umsögnin verður í kjölfarið sett á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

**5. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 17. janúar, kl. 10.30 á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

# Fundargerð 449. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 20. janúar kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 448. fundar - 2110003HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 448. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 16. desember 2022.

**2. Tillaga hafnasambandsins að nýjum hafnalögum - 2301003HA**

Lagðar fram tillögur hafnasambandsins að breytingum á hafnalögum.

*Stjórn samþykkir að stofna starfshóp um yfirferð á hafnlögum sem í sitja Lúðvík Geirsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir, Gunnar Tryggvason og Þórdís Sif Sigurðardóttir. Jafnframt samþykkir stjórn að semja við ráðgjafa til að leiða þá vinnu.*

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir kom inn á fundinn kl. 10:50.

**3. Landamæraeftirlit - breyting á framkvæmd - 2212002HA**

Lagt fram til kynningar bréf frá Ríkislögreglustjóra, dags. 12. janúar 2023, þar sem tilkynnt er um frekari frestun á innleiðingu komu- og brottfarakerfisins í tengslum við Schengen-samstarfið.

Björn Arnaldsson kom inn á fundinn kl. 11:00.

**4. Rafstaðlaráð - Kynning á stöðluðum landtengingum skípa - 2209003HA**

Lögð fram til kynningar vinnustofusamþykkt um Landteningar skípa - áskoranir tengdar orkusölu - ÍST WA 308:2023, dags. 18. janúar 2023.

**5. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2022 - 2301002HA**

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2022.

*Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5.mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.*

Hanna Björg Konráðsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:25.

**6. Hafnafundur 2023 - 2211002HA**

Rætt um dagsetningu fyrir hafnafund 2023 sem haldinn verður í Hafnarfirði.

*Samþykkt að halda hafnafund 20. október 2023 og er vinnhópi um hafnafund falið að hefja undirbúning.*

**7. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mengun hafs og stranda - 2301004HA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. janúar 2023, um áform um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, mál nr. S-249/2022.

**8. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA**

Lögð fram til kynningar drög að samstarfsyfirlýsingu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Hafnasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, um samstarf um eftirfylgd með samningi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs veiðarfæra sem innihalda plast, eftir að þau verða að úrgangi.

*Stjórn Hafnasambands Íslands felur formanni að vinna málið áfram á þeim grunni sem lagður er í drögum að samstarfsyfirlýsingu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Hafnasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Fundi var slitið kl. 11:45



# Fundargerð 917. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 20. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Ari Sigurjónsson hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki náðist að boða varafulltrúa í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Kjaramál - 2301032SA

Lögð fram sem trúnaðarskjöl fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands frá 17. janúar 2023 og drög að samkomulagi um viðræðuáætlun milli sambandsins og Starfsgreinasambands Íslands, dags. 17. janúar 2023. Einnig lögð fram sem trúnaðarskjöl fundargerð kjaramálanefndar sambandsins frá 19. janúar 2023. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins kynntu innleiðingu tiltekinnar samningagreina í gildandi kjarasamningi við Starfsgreinasambandið.

*Stjórn þakkar fyrir þessar upplýsingar og samþykkir að kjarasvið sambandsins klári málið á þeim forsendum sem voru kynntar á fundinum.*

### 2. Úrsögn úr stjórn sambandsins - 2207023SA

Lagður fram tölvupóstur Lilju Bjargar Ágústsdóttur, dags. 9. janúar 2023, þar sem hún segir sig úr stjórn og fræðslumálanefnd sambandsins. Ástæðan er að hún hefur sagt sig úr sveitarstjórn Borgarbyggðar og er því ekki kjörgeng í stjórn sambandsins lengur.

*Stjórn þakkar Lilju fyrir samstarfið og mun Einar Brandsson, varafulltrúi hennar, koma inn sem aðalfulltrúi í stjórn. Nýr fulltrúi verður svo kjörinn á næsta landsþingi og felur stjórn kjörnefnd að hefja undirbúning að því. Á næsta stjórnarfundum verður svo tilnefndur nýr fulltrúi í fræðslumálanefnd í hennar stað.*

Fundi var slitið kl. 12:40



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og  
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 26. janúar 2023

2301034SA KB/vrh  
Málalykill: 00.03

### Efni: Boðun XXXVIII. landsþings sambandsins

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVIII. landsþings sambandsins föstudaginn 31. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 10 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu er áformað að halda aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir fulltrúar í sveitarstjórnnum seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku í Grand hóteli. Til aðalfundar lánasjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 10. mars 2023.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Viðtakandi:  
Snæfellsbær  
Klettsbúð  
360 Hellisandur

Grundarfjörður 23.01.2023

B.T Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.

Með þessu bréfi viljum við í stjórn Skíðasvæðis Snæfellsness þakka ykkur fyrir þann rausnarlega styrk sem þið ákváðuð á fundi bæjarstjórnar þann 8. desember að veita til okkar. Okkur munar gríðarlega mikið um þann stuðning sem þið hafið veitt okkur undanfarin ár.

Staðan hjá okkur er þannig að troðarinn er kominn í Grundarfjörð og strákarnir okkar búnir að reynsluprófa hann í brekkunni. Allt gekk eins og í sögu, enda teljum við okkur vera með gott eintak í höndunum. Troðarinn er af gerðinni Formatic 450GT, og keyptum við einnig gönguskíðaspor með sem tengt er við troðarann.

Þó svo að mikill snjór hafi safnast fyrir í bænum þá vantar enn uppá snjó í brekkuna. Í haust voru settar upp snjógildirur sem hafa reynst vel og mun troðarinn nýtast við að ýta snjónum sem safnast í kringum þær í brekkuna.

Við vonumst til að geta opnað hjá okkur fljótlega og þegar að því kemur munum við auglýsa það á samfélagsmiðlum.

Bestu þakkir til ykkar enn og aftur og vonandi sjáumst við í brekkunni í vetur.

FH stjórnar Skíðadeildar UMFG:

Hólmfríður Hildimundardóttir

Rut Rúnarsdóttir



## Kristinn Jónasson

---

**From:** Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>  
**Sent:** föstudagur, 20. janúar 2023 10:00  
**To:** Kristinn Jónasson; Snæfellsbær; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Heilbrigdiseftirlit Vesturlands'; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'  
**Subject:** Umsagnarb.rek.G.II-Nónhóll, Nónhóll Arnarstapa, Snæfellsbæ  
**Attachments:** Ums.b.rek.GII-Nónhóll, Nónhóll Arnarstapa,Snæfellsbær\_2023002863.pdf; Nákvæm teikning af húsnæði (PDF).pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Þuríðar Maggýjar Magnúsdóttur kt.200350-4139 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-frístundahús, sem rekinn verður sem Nónhóll að Nónhóli (F2113897), 356 Snæfellsbæ. Áður hafði umsækjandi rekstrarleyfi LG-REK-010114 vegna rekstrarins það leyfi rann út 6. maí 2020.

Hjálagt fylgir umsagnarbeiðni ásamt teikningu.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,  
Daðey

Með kveðju / Best regards

**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Stillholt 16-18 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: [www.sylumenn.is](http://www.sylumenn.is) • [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

**Efni:** Viðhaldsmál Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Ég vil lýsa áhyggjum mínum á stöðu skólabygginga sveitarfélagsins. Allar eru þær komnar til ára sinna og kominn tími á mikið viðhald. Þessi tæpu átta ár sem ég hef verið skólastjóri þá hefur aðal áhersla okkar verið á að halda hita í byggingunum og halda þeim vatns- og vindheldum. Okkur hefur miðað ágætlega að settu markmiði en það virðist ekki vera nóg. Sum lekamál hefur okkur tekist að stöðva, önnur ekki, og þegar búið er að stöðva leka á einum stað þá hefur farið að leka á öðrum (aðallega á Hellissandi). Það var frábært framtak að kaupa glugga í skólabygginguna á Hellissandi, eldhúsið á Lýsu og í fjórar kennslustofur í Ólafsvík. Við merkjum mikinn mun á lofthita og loftgæðum í þeim stofum sem búið er að endurnýja glugga í – vinnubrögð til fyrirmyndar og viljum við þakka fyrir þær framkvæmdir.

Það viðhald sem brýnt er að fara í:

Hellissandur:

- ✓ Skipta um glugga
- ✓ Endurnýja þak
- ✓ Ljúka við múrviðgerðir á ytra byrði byggingarinnar og mála

Ólafsvík:

- ✓ Skipta um glugga í fjórum stofum
- ✓ Stöðva þakleka í anddyri
- ✓ Fara í sprunguviðgerðir og mála „nýja“ skólann að utan
- ✓ Leggja nýtt gólfefni á gólf og vegg í eldhúsi

Lýsa:

- ✓ Skipta um þakdúk á þaki yfir anddyri og eldhúsi
  - Miklar rakaskemmdir hafa komið í ljós í rýminu sem hýsir leikskólaselið og liggur undir dúklagða þakinu. Sjá tölvupóst frá Sigrúnu H. Guðmundsdóttur 25.1.2023
- ✓ Skipta um glugga í eldhúsi
- ✓ Endurnýja glugga og klæðningu á austurhlið félagsheimilisins
- ✓ Skipta út brotnum plötum í steni-klæðningu á norðurhlið skólaálm

Það er mikilvægt að unnin verði áætlun um hvaða framkvæmdir á að fara í á þessu ári og tryggja iðnaðarmenn til verksins sem fyrst.

Virðingarfyllt

Hilmar Már Arason  
Skólastjóri GSnb